



NEYTENDASTOFA

DRÖG

Reglur Neytendastofu
14.09.2011.

e - merking forpakninga. Viðurkenning á kerfum framleiðenda.

Efnisyfirlit

1. **e**-merkið.
Almennar upplýsingar um eftirlit með notkun e-merkis á forpakningar.
2. Leiðbeiningar vegna umsóknar um viðurkenningu á kerfi fyrir magnmælingar.
3. Eyðublað fyrir innra eftirlit með **e**-merkingu.

e - MERKIÐ

Almennar upplýsingar um eftirlit með notkun e-merkis á forpakkningar.

e-merking forpakkninga byggir á tilskipun 76/211/EBE með síðari breytingum sem innleidd hefur verið með reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar.

Þessi tilskipun eru ekki bindandi heldur valkvæð eins og fram kemur í 3. gr. rg. nr. 437/2009, en þar segir: “Forpakkningar, sem eru í samræmi við þessa reglugerð og viðauka I við hana, **mega** hafa e-merkið” Aðferðin sem reglugerðin notar er meðaltalsaðferð, þannig að ekki þarf að yfirpakka til þess að standast örugglega lágmarksvigt, ákveðin dreifing kringum meðaltalið er heimil og þannig sparast hráefni. Reglugerð 437/2009 er þó bindandi í þeim skilningi að ætli einhver að pakka eftir meðaltalsaðferð á Íslandi, eða setja slíkar pakkningar á markað á Íslandi, ber honum að fara eftir þeirri reglugerð, hvort sem hann setur e-merkið á eða ekki.

Ef vara ber e-merkið réttilega, þá mega eftirlitsstjórnvöld í innflutningsríki á EES svæðinu ekki hindra markaðssetningu vörunnar af ástæðum er varða merkingar eða mælingar á magni. e-merkið er þannig nokkurs konar mælifræðilegt vegabréf eða grænn passi inn á innri markað EES.

Tilskipunin gerir þá kröfu til aðila sem ábyrgð bera á forpökkun vöru að þeir sæti mælifræðilegu eftirliti lögbærs stjórnvalds en á Íslandi það Neytendastofa og boðið er upp á viðurkenningu á kerfi pökkunaraðilans.

Pökkunaraðila er frjálst að velja sér aðferð við pökkun og gæðatryggingu til að standast kröfur reglugerðarinnar, einfaldasta aðferðin mundi vera að útiloka alla undirvigt, þá væru hins vegar kostir meðaltalspökkunar ekki nýttir. Hægt er að fá sjálfvirkar vogir sérstaklega gerðar fyrir vigtun eftir þessum reglum og WELMEC hefur gefið út leiðbeiningaskjöl varðandi forpakkningar. Þessi skjöl má finna á heimasíðunni www.welmec.org og þar á meðal Guide 6.4, “Guide for packers and importers of e-marked prepacked products” fyrir pökkunaraðila, sbr. slóðina <http://www.welmec.org/publications/6-4.asp> .

Viðauki II er ekki ætlaður pökkunaraðilum, heldur fyrir eftirlitsstjórnvaldi. Þannig á Neytendastofa, eða aðili sem vinnur í umboði hennar, að fara eftir tölfræðinni í viðauka II þegar tekið er úrtak úr framleiðslulotu við eftirlitsheimsókn hjá pökkunaraðila, til að dæma um hvort lotan stenst eða fellur.

Pökkunaraðili sem kemur sér upp framleiðsluathugunum sem eru í samræmi við verklagsreglur sem Neytendastofa telur fullnægjandi og leggur fram fullnægjandi gögn getur sótt um viðurkenningu á kerfi sínu og þarf þá ekki að sæta því tölfræðilega eftirliti sem að ofan var lýst og hættunni á að lota verði dæmd ósöluhæf. Auðveldast er að sýna fram á skilvirkni kerfisins með því að vísa til viðeigandi hluta gæðahandbókar og hafi aðilinn vottað gæðakerfi sem einnig nær til pökkunarferlisins einfaldar það mat Neytendastofu fyrir viðurkenningu.

Hverjir geta sótt um viðurkenningu?

Fyrirtæki geta sótt um viðurkenningu á kerfi til magnmælinga e- merktra forpakkinga. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða framleiðanda vörunnar, pökkunaraðila ef hann er annar heldur en framleiðandi eða innflytjandi, ef flutt er inn frá ríkjum utan EES.

Hvernig sækir maður umviðurkenningu?

Með umsókn um viðurkenningu þurfa að fylgja þau gögn sem tiltekin eru í „Leiðbeiningar Neytendastofu vegna umsóknar um viðurkenningu á kerfi til magnmælinga forpakkinga“. Ef fyrirtækið gerir breytingar á magnmælingum eða gerir breytingar eða stillingar á tækjabúnaði sem kynni að breyta magni í pakkingum, skal það einnig tilkynnt til Neytendastofu.

Neytendastofa gefur út viðurkenningu á kerfi fyrir magnmælingar og skal hún vera undirrituð af forstjóra Neytendastofu.

Gögn vegna magnmælinga

Pökkunaraðili skal leggja fram skriflega lýsingu á pökkunarferlinu, taka á stýringu á frábrigðavöru, hafa reglur um úrbætur og forvarnaraðgerðir, geyma skráningu niðurstaðna magnmælinga og athugana.

Nánari útlístaun er að finna í Leiðbeiningum Neytendastofu vegna umsóknar um leyfi til notkunar e-merkisins.

Allar niðurstöður innra eftirlits skulu skráðar og skriflegum skýrslum sem gerðar hafa verið vegna úrbóta haldið til haga og vera aðgengilegar starfsmönnum Neytendastofu.

Varsla ofangreindra gagna skal vera með þeim hætti að auðvelt sé að finna öll gögn um hverja einstaka framleiðslulotu. Skulu niðurstöður geymdar í eitt ár.

Eftirfylgni

Viðurkenning á kerfi fyrir magnmælingar skal endurnýjuð árlega.

Ef í ljós kemur að hætta er á að forpökkuð vara, sem ekki uppfyllir kröfur reglugerðar um e-merkingar, fari á markað mun forpakkari fá frest til úrbóta. Ef úrbætur eru ekki gerðar eða þær eru ekki fullnægjandi mun Neytendastofa grípa til viðeigandi aðgerða.

Ef fyrirtæki ætlar sér að gera breytingar á gæðakerfi sínu eða innra eftirliti sem þýðingu hefur hvað varðar notkun e-merkisins, skal hann senda Neytendastofu skriflega tilkynningu um það innan mánaðar eftir að breytingar hafa verið gerðar. Neytendastofa getur fellt viðurkenningu úr gildi ef breytingarnar auka hættu á að e-merktar forpakkingar fari á markað án þess að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Kostnaður forpakkinga

Kostnaður vegna leyfisveitingar og eftirfarandi eftirlits Neytendastofu með pökkunarferlinu er ákveðinn í gjaldskrá nr. xxx/2009. Gjaldið byggir annars vegar á föstu grunngjaldi, sem reiknað er út frá fjölda framleiðsluvara og fjölda pakkingalína og hins vegar útseldri vinnu starfsmanna Neytendastofu vegna úrtaksskoðana eða mats á gögnum frá pökkunaraðila.



NEYTENDASTOFA

mán. ár.

Leiðbeiningar vegna umsóknar um viðurkenningu á kerfi fyrir magnmælingar.

1. Almenn

Áður en fyrirtæki hefur áfestingu e-merkisins þarf það að fullvissa sig um að lotur pakkninga standist kröfur reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar. Það má gera með því að vigta hverja einustu forpakkningu eða með úrtaksskoðunum.

2. Hvað skal tilgreina í umsókn til Neytendastofu¹

Fyrirtæki, sem óska að viðurkenningar á kerfum sínum fyrir magnmælingar skulu senda umsókn til Neytendastofu. Auk umsóknar skal senda afrit af viðeigandi hlutum gæðahandbókar.

Umsóknin skal send á eftirfarandi heimilisfang:

NEYTENDASTOFA
mælifræðisvið
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Umsóknin skal vera undirrituð af tengilið fyrirtækis við Neytendastofu. Tengiliðurinn þarf að bera beina ábyrgð á pökkunarferlinu.

Mikilvægt er að fyrirtæki fari yfir eftirfarandi lista og aðgæti að hann sendi örugglega öll nauðsynleg skjöl. Forsenda þess að fá viðurkenningu á kerfi fyrir magnmælingar forpakkningar er að gæðakerfi og innra eftirlit uppfylli þær kröfur sem settar eru hér að neðan og að þeim sé fylgt í raun.

Umsóknin skal tilgreina:

2.1. Nafn fyrirtækis, staður þar sem forpökkunin fer fram, símanúmer, netfang og vefsíða ef til er.

Ef forpökkun fer fram á fleiri stöðum skal tiltaka þá alla. Ef um verktaka er að ræða, þ.e. forpakkari er ekki framleiðandi vörunnar má velja um það að tilgreina nafn framleiðanda eða verktaka. Það fyrirtæki sem tilgreint er verður talinn ábyrgur aðili fyrir forpökkun vörunnar. Vörumerki og heimilisfang skal vera tilgreint á hinni forpökkuðu vöru. Heimilisfang þarf að vera það skýrt að unnt sé að ná til hins ábyrga aðila hvar sem vara er seld innan EES. Ef á forpakkningunum er bæði nafn

framleiðanda og forpakkara þarf að vera skýrt hvor þeirra það er sem ber ábyrgð á forpökkuninni.

Ef um innflytjanda er að ræða, verður hann að afhenda Neytendastofu öll þau gögn sem tryggja það að vara sé forpökkuð í samræmi við kröfur reglugerðar um e-merkingar. Fyrir innflytjanda eru eftirfarandi leiðir færar:

1. Framleiðandi vörunnar getur útvegað niðurstöður athugana sem framkvæmdar eru á einstökum framleiðslulotum og Neytendastofa metur þær.
2. Viðurkenning frá lögmælifræðifyfirvaldi ríkis utan EES sem staðfestir að forpakkari sætir eftirliti þeirra sem er sambærilegt við það sem reglugerð 437/2009 (tilskipun 76/211 með síðari breytingum) kveður á um.
3. Önnur gögn sem Neytendastofa telur vera fullnægjandi

2.2. Upplýsingar um vöruna, samsetningu hennar og tilgreint málmagn forpakkningar.

Sé óskað viðurkenningar á pökkun einstakrar vörutegundar skal tilgreina heiti vörunnar, hvernig vöru er um að ræða, hvort hún er í föstu formi eða fljótandi eða t.d. í duftformi eða þurrkuð. Einnig hvort hætta sé á að varan rýrni eftir forpökkun hennar. Einnig skal tiltaka málmagn hennar í massa- eða rúmmálseiningum. Einnig skal gefa aðrar upplýsingar um vöruna sem kunna að hafa áhrif á raunverulegt innihald forpakkningar.

Sé óskað viðurkenningar á kerfi fyrir magnmælingar án þess að einskorða það við einstakar vörutegundir, skal tilgreina pökkunarlínu, almennt hvernig vöru er pakkað þar, vogarbúnað og aðferðina.

2.3. Upplýsingar um þau mælitæki sem notuð eru við forpökkun vörunnar.

Þetta geta verið sjálfvirkar eða ósjálfvirkar vogir af ýmsu tagi, rúmtaksmælitæki, hitamælar, ofl. Ef viðurkennd mæliglös eru notuð sem umbúðir skal geta þess.

Koma verður fram hver sé gerð mælitækis, framleiðandi og upplýsingar þurfa að vera um gildandi löggildingar, hver löggilti og hvenær. Vogir og rennslismælar sem notuð eru við innra eftirlitið skulu vera gerðarviðurkennd og löggilt, en lóð, mæliker, hitamælar og önnur mikilvæg mælitæki skulu vera kvörðuð reglulega. Gefið því upp dagsetningu seinustu kvörðunar.

Þetta á þó ekki við um gátvogir. Notkun vogar sem að ekki eru gerðarviðurkennd er í lagi í pökkunarlínunni ef úrtakseftirlit er framkvæmt með gerðarviðurkenndri vog.

Upplýsingar um verklagsreglur við magnmælingar eða gæðakerfi

Þegar rætt er um gæðakerfi er einungis átt við sjálft pökkunarferlið og aðgerðir sem skipta máli varðandi magnmælingar.

Eftirfarandi verklýsingar þurfa að vera fyrir hendi:

1. Lýsing á skipulagi, ábyrgðardreifingu og valdi, sbr. t.d. ÍST-EN-ISO 9001, liður 4.1.2..
2. Lýsing á framleiðsluferlinu. Ekki þarf lýsingin að vera ítarleg. Er hún einkum ætluð sem hjálpargagn til aukins skilnings fyrir það starfsfólk sem málið varðar.
3. Skráning niðurstaðna athugana er varða innra eftirlit, sjá nánar næsta kafla, sbr. ÍST-EN-ISO 9001, liði 4.10.4, 4.10.5 og 4.11
4. Meðhöndlun, geymsla, pökkun, varðveisla og afhending. Hér skal skrá allar þær aðgerðir sem eiga að tryggja að rétt málgildi haldist allt fram til neyslu, notkunar. Auk þess skal lýsa því hvernig lotur eru auðkenndar eftir að hafa staðist prófun, og

hvernig hægt er að rekja einstaka vöru til lotu hennar, sbr. ÍST-EN-ISO 9001:1994, liður 4.8 (auðkenni og rekjanleiki), liður 4.15. (Meðhöndlun, geymsla, pökkun, varðveisla og afhending) og 4.16. (stýring gæðaskráa).

2.4. Innra eftirlit fyrirtækis

Innra eftirlit byggir á skilningi forpakkarans á vöru sinni, pökkunarferli auk hæfni starfsmanna. Innra eftirliti skal lýst með vísan til verkferla og verklýsinga. Fyllið einnig út í eyðublað um innra eftirlit til að gefa yfirlit yfir innra eftirlitið.

Koma verður fram hvar eftirlitið fer fram, t.d. á lager, við enda pökkunarlínu eða við sjálfa pökkunina. Ef merkt er við svarmöguleikann "annað" skal gefa nánari skýringar.

Eftirlitsaðferðinni skal lýst.

Neytendastofa mun samþykkja eftirfarandi eftirlitsaðferðir.

- ✓ Allar forpakkningar eru athugaðar (100 % eftirlit) annað hvort handvirkt eða með tegundarviðurkenndri "gátvog".
- ✓ Úrtaksprófanir með gefinni stærð úrtaks, tiltekinni tíðni og fjölda úrtaka úr lotu. Þessar stærðir skal ákvarða með tilliti til stöðugleika áfyllingaraðferðarinnar.
- ✓ Bein rúmmálmæling (sem getur verið 100 % eftirlit eða úrtakseftirlit).

Ef rúmmál er mælt óbeint með vigtun verður að gefa upplýsingar um hvert hitastigið er við pökkunina og hver eðlismassi vörunnar er. Ef nauðsynlegt er verður að stýra hitastigi. Samanburðarhitastigið er 20 ° C nema ef um er að ræða djúpfrystar og frystar vörur þar sem magn er tilgreint í rúmmálseiningum.

Merkið við eftirlitsaðferð á eyðublaði.

Ef um úrtakseftirlit er að ræða, skal það framkvæmt eftir skilgreindu skipulagi. Eftirlitið skal framkvæmt það oft og vera það umfangsmikið að með tilvísun til stöðugleika pökkunarferlis megi sýna fram á að breytingar og frávik frá fyrirfram ákveðinni pökkunarstærð uppgötvist áður en pakkað hefur verið stærðum sem ekki uppfylla kröfur. Látið upplýsingar fylgja og útreikninga sem sýna fram á stöðugleika áfyllingarferlisins í styttri tíma og lengri.

Sé notuð gátvigt skal hún geta skráð niðurstöður vigtunar. Að lágmarki er krafist:

- ✓ Tími (dags. klst. mín.) eða einkenni lotunnar sem gátuð var.
- ✓ Málgildi vigtunar
- ✓ Forinnstillt törun
- ✓ Fjöldi pakkninga
- ✓ Meðalgildi pakkninga
- ✓ Staðalfrávik
- ✓ Fjöldi pakkninga sem inniheldur:
 - a) Magn meira en:
málgildi – heimilað neikvætt frávik (TNE)
sem tilgreint er í reglugerð um notkun e-merkisins á forpakkningar.
 - b) Magn milli eftirfarandi gilda:
málgildi – TNE og málgildi –2 x TNE,

DRÖG

14.09.2011.

- c) Magn minna en:
málgildi –2 x TNE

Skilgreinið hvað átt er við með orðinu „lota“ t.d. framleiðsla á klukkustund eða á einum degi, ákveðinn fjöldi forpakkninga.

Gefið upp á eyðublaði fjölda úrtaka í lotu og ef við á hversu langur tími líður á milli úrtaka. Gefið einnig upp hversu margar einingar eru í hverju úrtaki. Einingarnar mega minnst vera 4.

Í gæðakerfi skulu vera leiðbeiningar um það hvernig niðurstöður athuganna eru skráðar og vistaðar og hverjar ráðstafanir eru gerðar ef frávik verða.

Tara

Lýst skal hvernig tara er fundin. Ef tara samanstendur af fleiri þáttum, getur verið raunhæft að beita mismunandi aðferðum við mismunandi hluta törunnar. **Dreifing törunarþunga ræður því hvaða aðferð notast við að ákvarða törun (ATH!).** Krossið við hvaða aðferð er notuð.

Upplýsingar um óvissu.

Lýsa skal hvernig óvissan er fundin út. Lágmark er að taka tillit til eftirfarandi:

- ✓ Óvissu vigtar
- ✓ Óvissu við vigtun
- ✓ Óvissu í töru
- ✓ Óvissu við hugsanlega ákvörðun eðlismassa

Geta skal um vægi einstakra óvissuþátta og samanlagðrar óvissu skal og getið. Óvissan má ekki vera meiri en svo að forpakkarin geti á hverjum tíma uppfyllt kröfur um nettóinnihald e-merktra forpakkninga. Sé ekki mögulegt að minnka óvissu svo að dugi skal auka (að meðaltali) innihald í forpakkningu.

Allar niðurstöður innra eftirlits skulu skráðar og skriflegum skýrslum sem gerðar hafa verið vegna úrbóta haldið til haga og vera aðgengilegar starfsmönnum Neytendastofu.

Varsla ofangreindra gagna skal vera með þeim hætti að auðvelt sé að finna öll gögn um hverja einstaka framleiðslulotu. Gögnin skal geyma í minnst eitt ár.

3. Vottorð um viðurkenningu

Viðurkenning felst í útgáfu skírteinis til handa fyrirtæki undirritað af forstjóra Neytendastofu.

Til að unnt sé að gefa út skírteini þarf umsókn að innihalda öll þau atriði sem þessar leiðbeiningar tiltaka. Sérstök áhersla er lögð á að innra eftirlitið fullnægi öllum kröfum með tilliti til skammtíma og langtíma stöðugleika pökkunarstærða. Pakkari þarf því að leggja áherslu á að skrá og vista allar upplýsingar um pökkunarferlið og frávik í því.

4. Eftirfylgni

Eftir að vottorð um viðurkenningu hefur verið veitt verður pökkunaraðstaða fyrirtækis heimsótt af starfsmönnum Neytendastofu á næstu 2-3 mánuðum. Eftir fyrstu heimsókn munu heimsóknir vera árlega og viðurkenning á kerfi fyrir magnmælingar skal endurnýjuð árlega.

Eftirlit getur verið með tvennu hætti. Annars vegar skoðun á gæðakerfi og gögnum um magnmælingar ásamt vettvangsskoðun á búnaði og aðstöðu. Hins vegar er um að ræða framkvæmd úrtaksskoðana, eins og mælt er fyrir um í viðauka II í reglugerð um notkun e-merkisins á forpakkningar.

Ef í ljós kemur að hætta er á að forpökkuð vara, sem ekki uppfyllir kröfur reglugerðar um e-merkingar, fari á markað mun forpakkari fá frest til úrbóta. Ef úrbætur eru ekki gerðar eða þær eru ekki fullnægjandi mun Neytendastofa grípa til viðeigandi aðgerða.

Ef fyrirtæki ætlar sér að gera breytingar á gæðakerfi sínu eða innra eftirliti sem þýðingu hefur hvað varðar notkun e-merkisins, skal hann senda Neytendastofu skriflega tilkynningu um það innan mánaðar eftir að breytingar hafa verið gerðar. Neytendastofa getur fellt viðurkenningu úr gildi ef breytingarnar auka hættu á að e-merktar forpakkningar fari á markað án þess að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.



NEYTENDASTOFA

dd.mm.ár

Eyðublað um kerfi við magnmælingar forpakninga

Innra eftirlit með pökkunarferli og magnmælingum

Lýsing á ferli og aðferðum kerfis fyrir magnmælingar skulu fylgja með eyðublaði þessu.

Svarið eftirfarandi spurningum.

Ef umsókn varðar leyfi til að setja e-merkið á fleiri vörutegundir en eina sem hafa mismunandi innri eftirlitskerfi skal innra eftirlitskerfi hverrar um sig tilgreint sérstaklega.

- ✓ Heiti vöru eða pökkunarlínu: _____
- ✓ Hvar fer innra eftirlitið fram?
 - Við sjálfa pökkunina
 - Við enda pökkunarfærubandsins
 - Á lager
 - Annað: _____
- ✓ Hvaða aðferð er notuð? Ef nauðsynlegt er skal merkja við fleiri en einn reit.
 - 100 % ósjálfvirktt eftirlit
 - 100 % eftirlit með tegundarviðurkenndri gátvigt
 - Bein vigtun rúmmáls
 - Úrtakseftirlit
 - Annað: _____
- ✓ Hvernig er úrtakseftirlitinu háttað, gefið hvernig stærð lotu er skilgreind.

- ✓ Ef notuð er úrtaksprófun - gefið upp fjölda úrtaka í framleiðslulotu (og ef við á þann tíma sem líður á milli úrtaksprófana):

- ✓ Ef notuð er úrtaksprófun - gefið upp fjölda staka í úrtaki.

- ✓ Hvernig er taran fundin (með vigtun við prófanir):



NEYTENDASTOFA

VOTTORÐ
um kerfi fyrir magnmælingar.

Nafn fyrirtækis
Heimilisfang fyrirtækis

hefur fengið viðurkenningu á:

Kerfi fyrir magnmælingar e-merktra forpakkninga

og hefur gengist undir mælifræðilegt eftirlit Neytendastofu
eins og kveðið er á um í:

Reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar

Þær vörur sem mega bera e-merkið eru tilgreindar í fylgiskjali.
Nafn fyrirtækis
ábyrgist að skilyrði þau sem þar eru tilgreind séu ávallt uppfyllt.

dd.mm.20xx

Forstjóri Neytendastofu

DRÖG
14.09.2011.

NEYTENDASTOFA

Fylgiskjal með vottorði um kerfi fyrir magnmælingar.

Nafn fyrirtækis

Heimilisfang fyrirtækis

hefur fengið viðurkenningu á kerfi sínu fyrir magnmælingar e-merktra forpakkninga og hefur gengist undir mælifræðilegt eftirlit Neytendastofu eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar.

Viðurkenningin gildir fyrir eftirfarandi vörur/nafnmagn eða pökkunarkerfi:

Við forpökkun er **framleiðanda, verktaka hans eða innflytjanda** skylt að:

- ✓ Fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar.
- ✓ Að viðhalda gæðakerfi sínu og tryggja færni þeirra sem koma að því. Allar breytingar á gæðakerfi, pökkunarferli og innra eftirliti eða aðrar breytingar sem geta leitt til þess að breyting verður á raunverulegu innihaldi forpakkninga skal tilkynnta Neytendastofu.
- ✓ Að halda til haga öllum gögnum með niðurstöður athugana og veita starfsmönnum Neytendastofu aðgang að þeim.
- ✓ Einungis e-merkja pakkningar sem viðurkenningin gildir fyrir.
- ✓ Að veita starfsmönnum Neytendastofu aðgang að pökkunaraðstöðu sinni og skjölum svo og veita þeim aðstoð til þess að þeir geti sinnt eftirliti með gæðakerfi og gert úrtaksskoðanir í samræmi við viðauka II í reglugerð um notkun e-merkisins á forpakkningar þegar það á við.

Ef í ljós kemur, að pökkunaraðili eða innflytjandi vanefnir skyldur sínar eða í ljós kemur að e-merkt vara uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar, hefur Neytendastofa heimild til að grípa til viðeigandi aðgerða. Neytendastofa hefur heimild til þess að krefjast þess að breytingar séu gerðar á gæðakerfi eða innra eftirliti ef í ljós kemur að hætta er á að vara sem uppfyllir ekki skilyrði um e-merkið fari á markað.

dd.mm.yyyy.

Forstjóri Neytendastofu